

Keilir

ÁRSSKÝRSLA

2020



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs



2

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Árið 2020 markaði ákveðin tímamót í starfsemi Keilis. Fyrir utan heimsfaraldur og eðlilegar breytingar á námsframboði er mér efst í huga sú vinna sem unnin var af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra annars vegar og fulltrúa ríkisstjórnarinnar hins vegar um aðkomu ríkisins að Keili.

Sú vinna skilaði árangri á haustmánuðum þegar ríkið samþykkti að leggja Keili til nýtt hlutfé á móti sveitarfélögunum á Suðurnesjum og eignast um leið meirihluta í skólanum. Um leið var hlutfé allra annarra

hluthafa afskrifað á móti skuldum félagsins. Einnig var samþykkt að veita sérstakan fjárstuðning næstu þrjú árin til flugskólans sem kemur til með að breyta miklu. Með þessu má segja að nýtt skeið hafi hafist í sögu Keilis og flugskólans.

Í kjölfarið voru gerðar breytingar á stjórnnum Keilis og flugskólans sem nú hefur fengið nafnið Flugakademía Íslands.

Ríkið samþykkti á haustmánuðum að leggja Keili til nýtt hlutafé á mótí sveitarfélögunum á Suðurnesjum og eignast um leið meirihluta í skólanum.

Ríkið samþykkti að veita sérstakan fjárstuðning næstu þrjú árin til Flugakademíunnar.

Mörg spennandi verkefni bíða Keilis.



Kjartan Már Kjartansson

formaður stjórnar og bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Stjórnarmönnum Keilis var fækkað úr sjö í fimm og úr stjórn gekk reynslumikið fólk. Annar fulltrúi Háskóla Íslands, Halldór Jónsson, hafði verið í stjórn frá stofnun Keilis, fulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur, Elín Smáradóttir, fulltrúi HS Orku, Jóhann Snorri Sigurbergsson og fulltrúi Kadeco, Sigurbjörg Róbertsdóttir. Undirritaður ásamt Einari Jóni Pálssyni sat áfram og tókum við báðir sæti í nýrri stjórn fyrir hönd sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Sæunn Stefánsdóttir situr einnig áfram sem fulltrúi Háskóla Íslands. Auk þess tóku tveir nýir fulltrúar ríkisins sæti í nýrri stjórn þau Elín Hjálmsdóttir, f.h. fjármálaráðuneytis og Jón Björgvin Stefánsson, menntamálaráðuneyti, sem jafnframt var kosinn nýr formaður stjórnar.

Auk þessa voru gerðar breytingar á stjórn Flugakademíu Íslands sem nú er þannig skipuð; Jón B. Stefánsson, formaður, Elín Hjálmsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi Eignarhaldsfélags Suðurnesja, Gunnhildur Vilbergdóttir, meðstjórnandi. Varamaður í stjórn Flugakademíunnar er undirritaður.

Með þessari breytingu telur undirritaður að búið sé að tryggja framtíð Keilis og Flugakademíunnar um langa framtíð. Skólinn skiptir okkur Suðurnesjamenn ekki aðeins máli heldur landið allt því eins og komið hefur fram sækja nemendur víðs vegar að af landinu nám í hinum ýmsu skólum og deildum Keilis. Skólinn er einnig vinnustaður tæplega eitt hundrað starfsmanna og skiptir sem slíkur miklu máli.

Mörg spennandi verkefni bíða Keilis til heilla fyrir land vort og þjóð. Það er því með miklu þakklæti sem ég horfi til liðins árs en er um leið bjartsýnn á framtíðina. Verkefnið, að bæta menntunarstig á Suðurnesjum og landinu öllu, er enn mikilvægt og á fullan rétt á sér. Fleiri menntastofnanir á Suðurnesjum í samvinnu við ríki hafa einnig tekið höndum saman um stofnum menntanets í sama tilgangi. Verður fróðlegt að sjá og fylgjast með hvernig það mikilvæga verkefni þróast.

Þótt brekkan sé brött í fluginu núna, og atvinnuhorfur ekki þær bestu, eru helstu sérfræðingar sammála um að þróun í alþjóðaflugi næstu misserin og árin, og óhjákvæmileg starfsmannavelta í hópi flugmanna, kalli á aukinn fjölda menntaðra flugmanna. Ef flugskólanum lánast að grípa slík tækifæri ætti framtíð hans að vera björt.

*Kjartan Már Kjartansson,
Fráfarandi stjórnarformaður Keilis*



2

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Árið 2020 var viðburðarríkt í starfsemi Keilis. Nauðsynlegt var að hagræða í rekstri félagsins sem var þónokkur áskorun í starfsemi sem leggur höfuðáherslu á persónulega þjónustu og gæði náms. Sú fjárhagslega endurskipulagning sem staðið hefur yfir á árinu sneri fyrst og fremst að því að tryggja fjárhagslegan grundvöll félagsins til framtíðar.

Í upphafi árs hófst vinna við nýtt skipurit hjá Keili móðurfélagi þar sem skilgreind voru þjónustusvið annars vegar og kennslusvið hins vegar.

Störf voru sameinuð og starfshlutföllum fækkað auk þess sem farið var í markvissa umbótavinnu á ýmsum sviðum starfseminnar. Þróun á nýju námsframboði var í fullum gangi og má þar helst nefna ýmis námskeið á vegum Vinnuverndarskólans auk fagháskólanáms í leikskólafræðum, sem hóf göngu sína í samstarfi við Háskóla Íslands á árinu.

*Samrunaferli
Flugakademíu Keilis og
Flugskóla Íslands hefur
tekið sinn tíma.*

*Frábærlega hefur gengið
á upphafsári náms í
tölvuleikjagerð.*

*Ásókn í nám hjá Keili
hefur aldrei verið meiri.*

*Mikil vinna hefur verið
lögð í að tryggja
fjárhagslega
endurskipulagningu.*



**Jóhann Friðrik
Friðriksson**
framkvæmdastjóri Keilis

Ásókn í fagháskólanámið fór fram úr björtustu vonum og ráðgert að bjóða nýjum hópi skólavist haustið 2021. Að auki bauð Keilir upp á sumarnám við Háskólabrú og nám með undirbúningi sem heppnaðist vel. Fjölmörk samstarfsverkefni litu dagsins ljós á liðnu ári.

Keilir kom að stofnun Nýsköpunarakademíu ferðaþjónustunnar og samstarfi um Frumkvöðlasetrið Eldey sem staðsett er í húsnæði Keilis. Keilir hlaut styrki á árinu til þess að setja upp Vendingámssetur Keilis og til þess að koma á laggirnar Flugklasa í takt við nýsamþykka klasastefnu og flugstefnu stjórnvalda. Auk þess tók Keilir þátt í fjölmörgum innlendum og erlendum samstarfsverkefnum sem öll tengjast námsframboði Keilis, nýjum kennsluháttum og þróun á sviði menntamála.

Fjölgun var í flestar námslínur hjá Keili á árinu að frátöldu ævintýraleiðsögunámi vegna Covid-19 og flugnámi af augljósum ástæðum. Dregið hefur úr ásókn í staðnám í Háskólabrú á meðan fjarnámsnemendum hefur fjölgað mikið. Fjöldi umsókna í Háskólabrú hefur aldrei verið meiri en á liðnu ári. Nýr árgangur var tekinn inn í tölvuleikjagerð hjá Menntaskólanum á Ásbrú 2020 og hefur nýr árgangur verið samþykktur í námið haustið 2021.

Í samstarfi við stjórnvöld var tekin sú ákvörðun að fjárhagsleg endurskipulagning myndi fela í sér breytingu á hluthafahópi og var sú vinna á lokametrinum í enda árs 2020 og gekk í gegn í byrjun árs 2021. Ríki og sveitarfélög lögðu félaginu til nýtt hlutafé sem rennir styrkum stoðum undir starfsemi Keilis. Áfram er unnið að rekstrarhagræðingu Flugakademíunnar með stuðningi eigenda. Bjartari tímar eru framundan í flugtengdum rekstri sem gefur fyrirheit um fjölgun nemenda í flugnám á næstu misserum og árum.

Markmið Keilis er að veita fyrsta flokks menntun og efla trú nemenda á eigin getu og færni í lífinu. Markmiðið nær ekki aðeins til nemenda heldur ekki síður til starfsfólks. Keilir nær aðeins að blómstra ef starfsumhverfið laðar að sér hæfileikaríkt hugsjónafólk sem brennur fyrir nýjungum og framförum á sviði menntunar. Ég vil þakka starfsfólki Keilis fyrir samhældni og þrautseigju á árinu, bæði vegna heimsfaraldurs og breytinga í rekstri. Einnig ber að nefna ómetanlegan samfélagslegan stuðning við Keili að hálfu hluthafa og velunnara starfseminnar frá stofnun til dagsins í dag. Menntun er grundvöllur framfara og aukinna lífsgæða á Íslandi. Menntun verður að taka mið af þörfum framtíðarinnar og hjá Keili ætlum við okkur alltaf vera leiðandi.

*Jóhann Friðrik Friðriksson,
Framkvæmdastjóri Keilis*



3


HÁSKÓLASETUR

Haustið 2020 voru gerðar skipulagsbreytingar hjá Keili og í kjölfarið mynduðust ný svið. Eitt þessara sviða fékk heitið Háskólasetur og þá með vísan í sérækt undirbúningsnám fyrir háskóla eða nám á háskólastigi. Undir Háskólasetri voru tvær námsleiðir, Háskólabrú sem er skipulagt sem undirbúningur fyrir háskólanám í sérstöku samstarfi við Háskóla Íslands og fagháskólanám í leikskólafræðum í samstarfi við Háskóla Íslands.

Starfsmenn Háskólaseturs árið 2020 voru 19 talsins. Berglind Kristjánsdóttir var forstöðumaður sviðsins, Margrét Hanna verkefnastjóri á Háskólabrú og Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir verkefnastjóri fagháskólanáms í leikskólafræðum. Þá störfuðu 16 kennarar á Háskólabrú, ýmist í föstu starfi eða sem verktakar í stökum fögum. Kennarar fagháskólanáms í leikskólafræðum voru starfsmenn Háskóla Íslands.

Fagháskólanám í leikskólafræðum var sett upp haust 2020 í samstarfi við Háskóla Íslands.

237 nemendur hófu nám í Háskólabrú á árinu og voru langflestir þeirra skráðir í fjarnám.



● Fjarnám ● Staðnám

Meðalaldur í Háskólabrú er um þrítugt en um fertugt í fagháskólanámi í leikskólafræði.

Háskólabrú er aðfaranám sem undirbýr nemendur markvisst undir háskólanám og er Keilir í samstarfi við Háskóla Íslands varðandi skipulagningu námsins. Að lokinni Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla hérlandis og erlendis en flestir sækja nám við Háskóla Íslands. Háskólabrú er bæði kennd í staðnámi og fjarnámi í fullu námi sem er skipulagt til eins árs. Þá er einnig hægt að stunda námið á hálfum hraða í fjarnámi og er þá skipulagt til tveggja ára og hugsað fyrir nemendur sem stunda vinnu samhliða námi. Boðið hefur verið upp á að hefja staðnám að hausti en hægt er að hefja fjarnám bæði að vori og hausti.

Fagháskólanám í leikskólafræðum var sett upp haustið 2020 í samstarfi við Háskóla Íslands og í samráði við sveitarfélögin á Suðurnesjum. Markmiðið var að efla menntun starfandi leikskólakennara á Suðurnesjum og þyrfti námið að vera sérsniðið fyrir þá starfsmenn. Um var að ræða 60 eininga diplómanám skipulagt til tveggja ára og með möguleika á áframhaldandi bakkalárnámi við Háskóla Íslands.

Háskólasetur - Aðsókn í nám

Árið 2020 hófu tæplega 240 nemendur nám á Háskólabrú. Nemendur sem hófu staðnám haustið 2020 voru 26 talsins og dró úr aðsókn frá árinu áður sem hefur verið þróunin síðustu ár. Aðsókn í fjarnám jókst frá fyrra ári en rúmlega 200 nemendur hófu fjarnám. Vorið 2020 hófu 83 nemendur fjarnám og þar af voru tæplega 45% nemenda í fjarnámi með vinnu eða 37 nemendur. Haustið 2020 hófu 128 nemendur fjarnám og tæplega 29% af þeim eða 37 nemendur skráðu sig í fjarnámi með vinnu.

Aðsókn í fagháskólanámið var afar góð. Viðmiðið til að fara af stað með námsleiðina voru 15 nemendur en alls hófu 33 nemendur námið haustið 2020 sem var vonum framar. Stærsti hluti nemenda var búsettur á Reykjanes en einnig voru nemendur af Suðurlandi sem hófu námið.

Meðalaldur, kynjahlutfall og búseta nemendahópsins

Meðalaldur nemendahóps Háskólabrúar í staðnámi haustið 2020 var 29 ár en í fjarnámi var meðalaldurinn 30 ár. Í staðnámi var 40% nemenda með búsetu á höfuðborgarsvæðinu og 56% af Reykjanesinu. Í fjarnámi voru tæplega 22% nemendahópsins með búsetu á Reykjanesi en stærsti hluti hópsins kemur frá höfuðborgarsvæðinu eða um 60% nemenda. Þá er alltaf hluti nemendahópsins sem stundar námið í öðrum landshlutum eða erlendis frá. Haustið 2020 voru 3% nemenda með búsetu erlendis og tæplega 16% með búsetu utan Reykjanes og höfuðborgarsvæðis. Kynjahlutfall á Háskólabrú var svipað og árið áður í fjarnámi en konur eru um 62% nemenda en karlar eru 38% nemendahópsins. Í staðnámi er hins vegar er örlítið minni munur á milli kynja í nemendahópnum 43% karlar og 57% konur. Enginn í nemendahópnum skilgreindi sig með annað kyn.

Meðalaldur nemendahópsins í fagháskólanámi í leikskólakennarafræðum var tæplega 39 ár. Kynjahlutfallið var 100% kvenkyns en ekkert annað kyn sótti um námsleiðina. Þá var 70% nemendahópsins með búsetu á Reykjanesi en 30% nemenda komu af Suðurlandi.

Fjöldi þeirra sem sækir um fjarnám með vinnu hefur aukist, enda ákjósanlegur kostur fyrir fullorðna námsmenn sem vilja mennta sig samhliða vinnu.

Fjöldi nemenda lagði stund á nám í Háskólabrú erlendis frá, svo sem frá Bandaríkjunum, Bretlandi Danmörku, Noregi, Slóvakíu, Spáni, Sviss og Svíþjóð.

Að mati nemenda, samkvæmt niðurstöðum úr könnunum, fannst þeim skólinn hafa brugðist vel við heimsfaraldrinum.

Fjarnám í stöðugri sókn

Líkt og fram hefur komið þá eru sífellt fleiri sem sækja um fjarnám á Háskólabrú en árið 2020 bárust 301 umsókn í fjarnám. Þá eykst nemendafjöldinn sem sækir um fjarnám með vinnu ár hvert enda ákjósanlegur kostur fyrir fullorðna námsmenn sem vilja mennta sig samhliða vinnu. Heildarfjöldi nemenda, skráður í fjarnám Háskólabrúar árið 2020, var tæplega 440. Þeir voru ýmist skráðir í fullt nám, hálf námi eða staka áfanga, allt eftir hvað hentaði nemandanum.

Fjarnám Háskólabrúar er þess eðlis að nemendur geta stundað námið óháð landfræðilegri staðsetningu enda er möguleiki á prófstöðvum víðsvegar um heiminn og því hægt að stunda fjarnámið nánast hvar sem er í heiminum. Fyrirkomulag námsins er uppbyggt þannig að nemandi getur hvar og hvenær sem er undirbúið sig fyrir námsmat sem framundan er og fengið leiðbeiningar um hvert hann getur leitað til að skila lokanámsmati sínu. Í sumum tilfellum er lokanámsmat munnlegt svo að allt sem þarf er nettenging og einfaldur búnaður til að geta skilað sínu lokanámsmati.

Árið 2020 voru 43 af nemendum Háskólabrúar búsettir utan höfuðborgarsvæðis og Reykjaness. Til að mynda var stór hluti þeirra frá Norður- og Austurlandi en hluti nemendahópsins var búsettur erlendis. Má þar nefna lönd eins og Bandaríkin, Bretland, Danmörk, Noreg, Slóvakíu, Spán, Sviss og Svíþjóð. Okkur þykir afar mikilvægt að geta boðið upp á þennan möguleika fyrir nemendur og leggjum mikið upp úr því að þjónusta nemandann eins og best er á kosið.

Áhrif Covid-19

Vorið 2020 skall á heimsbyggðina farsótt sem engan gat órað fyrir. Skólabyggingu Keilis var lokað og þurftu kennarar og starfsfólk að bregðast nokkuð hratt við til að nemendur gætu haldið áfram sínu námi. Haft var að leiðarljósi að lágmarka eða reyna að komast hjá skerðingu á þjónustu með öllum tiltækum ráðum, með því að bjóða upp á alla þjónustu með rafrænum hætti. Þá var áskorun að færa námið yfir á eingöngu rafrænt form og breyta námsmati með það sjónarmið að halda uppi sömu gæðum og námskröfum sem gerðar eru. Háskólabrú Keilis bjó nokkuð vel til að geta yfirfært allt nám í fjarnám vegna fyrirkomulags vendináms sem gerði það að verkum að nemendur gátu haldið áfram sínu námi burt séð frá staðsetningu, líkt og fjarnámsfyrirkomulagið okkar hefur verið í nokkur ár. Öll kennsla sem var fyrirhuguð í byggingu Keilis færðist því yfir á rafrænt form. Stundatafla staðnámsnemenda hélst óbreytt en kennslan og námið fór fram í gegnum fjarfundarforrit. Þá færðust allar vinnulotur í fjarnámi yfir í að vera eingöngu á rafrænu formi.

Að mati nemenda, samkvæmt niðurstöðum úr könnunum, fannst þeim skólinn hafa brugðist vel við og voru þakklátir fyrir að ekki þurfti að fresta þeirra námi eða útskrift. Þá var von allra að haust 2020 yrði hægt að hefja nám á staðnum aftur, sem tókst fyrir fámennan nemendahóp í staðnámi að stærstum hluta haustannar en með nokkra vikna tímabili, þar sem kennslan þurfti að færast aftur yfir í rafrænt form vegna hertra sóttvarnarræglna. Þá voru kennarar og starfsfólk komið með reynslu frá vori til að byggja á sem að mati nemenda og kennara gekk mjög vel.

Á heildina litið voru tímarnir vissulega krefjandi fyrir nemendur, kennara og annað starfsfólk en með samheldni, faglegum vinnubrögðum og stöðugu samtali var hægt að halda kennslunni áfram en með breyttu sniði hvað varðar kennsluhætti og námsmat. Þessi krefjandi tími kenndi okkur margt en fyrst og fremst að samheldni og samstilltur starfsmannahópur með fagmennsku að leiðarljósi, gerir alla vegi færa.

Keilir, sveitarfélög á Suðurnesjum og Menntavísindasvið Háskóla Íslands komu að fagháskólanámi í leikskólafræðum.

Fagháskólanám í leikskólafræðum

Vorið 2020 hófst samtal Keilis og Reykjanesbæjar um mögulegt samstarf við Háskóla Íslands varðandi fagháskólanám í leikskólafræðum með það fyrir augum að styrkja starfsmenn leikskóla á Suðurnesjum. Þá var horft til starfsmannahóps innan leikskólanna sem bjó yfir nokkurri starfsreynslu en hafði ekki lokið formlegri menntun í fræðunum. Í framhaldi var haft samband við fræðslustjóra sveitarfélaga á Suðurnesjum sem allir sýndu verkefninu mikinn áhuga. Hafið var samtal við Háskóla Íslands sem hafði sambærilegar hugmyndir en verkefni af þessu tagi hafði verið keyrt áður á Suðurlandi og gengið vel. Næstu skref voru því að kanna áhuga leikskólastjóra og starfsmanna leikskólanna á námsleiðinni en um var að ræða 60 eininga diplómu í leikskólakennarafræðum sem gæfi möguleika á áframhaldandi námi til B.Ed. gráðu.

Samtals voru 33 nemendur samþykktir í námið, sem hófst haustið 2020.

Áhuginn leyndi sér ekki og alls voru samþykktir 33 nemendur í námið sem hófst svo haust 2020 og hefur gengið vonum framár.



Sveigjanlegt kennslufyrirkomulag sem hentar nemendum í fjarnámi og með vinnu.

Fyrirkomulag námsins var með þeim hætti að nemendur komu í húsnæði Keilis einu sinni í viku þar sem kennarar Háskóla Íslands komu á staðinn með sína kennslu. Þess fyrir utan þá sinntu nemendur sínu námi í fjarnámi. Þá tengdust nemendur sem voru búsettir á Suðurlandi kennslunni með rafrænum hætti sem gekk nokkuð vel.

Þá er fyrirhugað að á seinna námsári blandist hópurinn nemendum á fyrsta ári í leikskólafræðum og fái þannig frekari tengingu við Háskóla Íslands. Möguleikar nemenda að hittast í húsnæði Keilis verða þó enn til staðar sem og samskipti og þjónusta verkefnastjóra, námsráðgjafa og tölvudeildar Keilis.

Þróun kennsluaðferða og mikilvægi persónulegrar þjónustu

Árið 2020 unnu kennarar áfram að endurnýjun á kennslumyndböndum í Vandinámssetri Keilis.

Háskólabrú er í stöðugri þróun og unnið að því á hverju ári að bæta skipulagningu og þróa námið í takt við nútímann. Við reynum ávallt að tileinka okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu síður fjarlægja og eru kennarar og nemendur í miklum samskiptum á meðan áföngum stendur í gegnum hin ýmsu samskiptaforrit. Árið 2020 unnu kennarar áfram að endurnýjun á kennslumyndböndum með bestu tækni sem völ er á en Keilir hefur fullbúið upptökuherbergi sem tryggir enn meiri gæði. Þá er komin ágætis reynsla á upptökuforritið „Panopto“ sem er einfalt og þægilegt í notkun en á sama tíma heldur góðum mynd- og hljóðgæðum.

Þegar aðsókn í fjarnám er eins mikil og raun ber vitni þá er mikilvægt að gæta að því að draga ekki úr persónulegri nálgun og skapa umhverfi sem er einfalt fyrir nemendur til að eiga samskipti en er jafnframt öruggt. Haustið 2019 tókum við í gagnið Microsoft Teams sem er hluti af Office 365. Þar eiga kennarar og nemendur samskipti sín á milli á meðan á námskeiðunum stendur en einnig er notast við tölvupóstinn og námsvefinn Moodle. Með forritinu Teams er mögulegt að hafa fjarfundi og einnig taka upp fyrirlestra á staðnum.

Vorið 2020 voru kennarar nú þegar komnir með reynslu á notkun Teams og voru því ágætlega undirbúnir undir breytingar á skólalaldi á tímum Covid-19.

Vorið 2020 voru kennarar því komnir með reynslu á forritið þegar heimsfaraldurinn skall á og hefðu í raun ekki geta verið án slíks samskiptaforrits. Við teljum að fyrir nemendur séu samskipti við kennara og aðra nemendur grundvallaratriði til að skapa gott lærdómsumhverfi. Microsoft Teams er gott verkfæri til að skapa slíkt umhverfi fyrir nemendur, hvort sem þeir geta mætt í ákveðið húsnæði eða stundað námið án tillits til búsetu.

Eftirfylgni útskrifaðra nemenda

Niðurstöður úr könnun útskrifaðra nemenda gáfu til kynna mikla ánægju með námið.

Ári eftir útskrift nemenda á Háskólabrú eru sendar út kannanir þar sem verið er að skoða hvernig nemendum vegnar eftir útskrift. Þá er verið að kanna hver upplifun þeirra er af náminu eftir útskrift bæði hvað varðar fyrirkomulagið okkar og hvernig þeir telja sig vera undirbúna fyrir áframhaldandi nám. Niðurstöður úr könnun útskrifaðra nemenda árið 2020 gáfu til kynna mikla ánægju með undirbúninginn og þökkðu þeir kennurum Háskólabrúar sérstaklega; þá voru og nefndir þættir eins og fagmennska, hjálpssemi og þolinmæði. Í raun má segja að á Háskólabrú séu kennarar sem eru framúrskarandi í faglegum vinnubrögðum enda metnaðarfullur kennarahópur sem er umhugað um nemendur sína og þeirra námsgengi, bæði hjá okkur og í áframhaldandi námi.

Umsagnir nemenda eru á þann veg að nemendum finnst þeir skipta máli og að kennurum sé umhugað um að þeim vegni vel í náminu og séu ávallt boðnir og búnir til að aðstoða nemendur til að ná settu marki. Þá eru þeir ánægðir með skipulag námsins og minnst á að lotunám og vandinám henti einstaklega vel og allt efni sé skýrt og aðgengilegt. Frábærar niðurstöður fyrir okkur en við höldum samt áfram að gera enn betur og þróa okkar nám, enda er það órjúfanlegur þáttur í skólaumhverfi. Þróun í takt við nútímann með tillit til framtíðar og tengsl við atvinnulíf er ávallt í huga starfsmanna Háskólabrúar.

Tekið var á móti fjölmörgum nemendahópum meðal annars frá Menntastöðum.

Yfir 2.000 einstaklingar hafa útskrifast af Háskólabrú Keilis frá upphafi.



**Berglind
Kristjánsdóttir**
*forstöðumaður
Háskólaseturs*

Samstarf

Í janúar 2009 gerðu Keilir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins samning um Menntastöðir, sem er nám hugsað fyrir þá sem ekki uppfylla inntökuskilyrði Háskólabrúar. Í samstarfi við Keili vegna Menntastöða eru einnig Mímir-símenntunarmiðstöð í Reykjavík og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY). Góð aðsókn hefur verið í Menntastöðir frá upphafi og margir nemendur þeirra hafa útskrifast frá Háskólabrú eða stunda þar nám. Við tókum á móti fjölmörgum nemendum Menntastöða og kynntum þeim Háskólabrú á árinu 2020 enda er stór hluti þeirra sem sækir um nám á Háskólabrú. Þá hafa einnig aðrir hópar komið á kynningu eins og t.d. frá Hringsjá, sem er náms- og starfsendurhæfingarmiðstöð, og aðrir áhugasamir hópar.

Samstarf Háskólaseturs Keilis við Háskóla Íslands hefur gengið einstaklega vel enda fagfólk hvert sem litið er. Markmið beggja aðila eru skýr, sem er að auka möguleika fullorðinna á menntun í heimabyggð og hækka þannig menntunarstig í landinu. Þegar sameiginleg markmið eru skýr þá er eftirleikurinn auðveldur. Keilir lítur á samstarf við Háskóla Íslands vera ákveðinn gæðastimpil enda gætt er að því að nemendur fái sem besta undirbúning fyrir næstu skref, með því að fylgjast með gengi nemenda eftir útskrift Háskólabrúar.

Útskrift

Skólaárið 2020 útskrifuðust 187 nemendur af Háskólabrú úr stað- og fjarnámi og hafa því í árslok 2020 útskrifast 2041 nemendur frá upphafi skólans. Við erum ákaflega stolt af þeim fjölda nemenda sem hefur útskrifast af Háskólabrú og væntum þess að halda áfram að taka þátt í menntun fullorðinna nemenda sem hyggja á háskólanám.

Lokaorð

Árið 2020 var krefjandi og lærdómsríkt en gaf okkur jafnframt aukin tækifæri. Heimsfaraldurinn þjappaði okkur saman og ýtti okkur af stað í að skoða fjarnámsmöguleika enn betur en áður. Kennarar lærðu að treysta því að lokanámsmat utan húsnæðis er gerlegt og möguleikarnir eru margir. Nemendur og kennarar lærðu að nota samskiptaforrit eins og Microsoft Teams enn betur. Við fengum tækifæri á að taka þátt í öðru gefandi og samfélagslegu verkefni með fagháskólanáminu í leikskólafræðum í samstarfi við Háskóla Íslands. Verkefnið mun efla leikskólasamfélagið enn frekar og er starfsfólk Keilis þakklát fyrir að fá að taka þátt.

Starfsfólk Háskólaseturs horfir björtum augum til framtíðar og hlakkar til að halda áfram að taka þátt í að móta námsumhverfi fyrir fullorðna og gefa þeim tækifæri á framhaldsmenntun sem nýtist þeim í námi og starfi.



4

HEILSUAKADEMÍA

Heilsuakademía Keilis hefur tekið nokkrum breytingum þar sem námsleiðum hefur fjölgað á milli ára og eru nú sjö talsins. Þar ber helst að nefna Vinnuverndarskóla Íslands, sem hóf starf sitt í upphafi árs 2020, og Undirbúningsnám fyrir inntökupróf í lækisfræði sem Heilsuakademían tók við af Menntasviði Keilis. ÍAK einkaþjálfaranámið er viðurkennt starfsnám á þriðja hæfnisprepi sem kennt er á tveimur öðrum og er 80 fein-eininga.

ÍAK styrktarþjálfaranámið er grunnnám í styrktar- og ástandspjálfun, miðuð á þjálfara sem ætla að sinna líkamsþjálfun íþróttafólks úr öllum íþróttagreinum og er kennt á tveimur öðrum.

Nordic Fitness Education (NFE) er undirskóli Heilsuakademíunnar, þar sem boðið er upp á Nordic Personal Trainer Certificate (NPTC) ásamt endurmenntun sem viðurkennd er af Europe Active.

ÍAK einkaþjálfaranámið er nú skilgreint sem starfsnám á 3. hæfnisþrepi.

Á sviðinu eru, auk forstöðumanns, fimm starfsmenn, ásamt um 30 kennurum í hlutastarfi.

Heilsuakademían brautskráði samtals 60 nemendur á árinu.

Fótaaðgerðafræði er þriggja anna nám á heilbrigðisviði sem veitir rétt til að sækja um starfsheitið fótaaðgerðafræðingur til embættis Landlæknis.

Inntökupróf.is er undirbúningsnámskeið fyrir nemendur sem stefna á inntökupróf í læknisfærði eða sjúkrapjálfun, sem tekur eina önn. Það samanstendur af fyrirlestrum fyrri hluta annar og svo „BootCamp“ tímar í lok annar, þar sem er farin lokayfirferð í hverju fagi.

Vinnuverndarskóli Íslands sérhæfir sig í vinnuverndarfræðslu sem er sérsniðin að þörfum fyrirtækja og hafa leiðbeinendur að geyma áralanga reynslu af vinnuverndarfræðum.

Ævintýraleiðsögunám er nám á háskólastigi í samstarfi við Thompson Rivers University í Kanada en vegna Covid-19 var ekki hægt að bjóða upp á námskeiðið 2020.

Arnar Hafsteinsson var forstöðumaður Heilsuakademíu en verkefnastjórar Heilsuakademíu voru eftirfarandi:

- Haddý Anna Hafsteinsdóttir - ÍAK þjálfun og Inntökupróf.is
- Ben Pratt - Nordic Fitness Education (NFE)
- Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir - Fótaaðgerðafræði
- Guðmundur Kjerulf - Vinnuverndarskóli Íslands

Heilsuakademían er með 31 kennara í hlutastarfi:

- ÍAK þjálfaranám: Samtals átta kennarar
- Nordic Fitness Education (NFE): Samtals tveir kennarar
- Fótaaðgerðafræði: Samtals fjórir kennarar
- Inntökupróf: Samtals fjórtán kennarar
- Ævintýraleiðsögunám: Samtals þrjú kennarar

Útskrifaðir nemendur

Árið 2020 brautskráðust 60 nemendur hjá Heilsuakademíu Keilis:

ÍAK - Einkaþjálfarar	21
ÍAK - Styrktarþjálfarar	22
Nordic Fitness Education	16
Fótaaðgerðafræði	7
Ævintýraleiðsögunám	0
Samtals árið 2020	66

Gæðastarf - aðferðir og markmið

Árangur og gæði skólastarfsins er metinn með kerfisbundnum hætti til að stuðla að stöðugum umbótum svo að upplifun nemenda sé sem best. Niðurstöður eru rýndar og kennurum veitt endurgjöf og skipulögð aðgerðaráætlun, ef þörf er á úrbótum, sem unnin er í samráði við Menntasvið.

Gæðamat fyrir árið 2020 samanstóð af eftirfarandi þáttum:

- Kennslukönnun nemenda í lok hver áfanga
- Matsfundur með nemendum einu sinni á önn
- Sjálfsmat kennara í lok annar

Samstarf við atvinnulífið

Heilsuakademían hefur samning við World Class og Sporthúsið sem veita nemendum í ÍAK þjálfun aðgang að stöðvum þeirra yfir skólaárið. World Class hefur ennfremur lánað aðstöðu til verklegrar kennslu og myndupptökur fyrir kennsluefni.

Heilsuakademían hefur verið í samstarfi við Thompson Rivers University í Kanada frá árinu 2013, með ævintýraleiðsögunámið þar, sem nemendur útskrifast með skírteini frá Thompson Rivers University að loknu námi. Samstarfið hefur gengið vel og mikill áhugi er á frekara samstarfi á milli skólana.

GG Sport hefur stutt námsbrautina frá upphafi náms en verslunin selur búnað til útivistar, sem hún hefur útvegað til verklegrar kennslu á bestu kjörum.



Thompson Rivers University í Kanada hefur átt í samstarfi við Keili frá haustinu 2013 varðandi leiðsögunám í ævintýraferðamennsku.

Vinnuverndarskólinn hefur unnið með aðilum atvinnulífsins með þróun námsefnis til að auka forvarnir og öryggismál í samfélaginu.

Vinnuverndarskóli Íslands hefur sett sig í samband við fyrirtæki í atvinnulífinu til að þróa námsefni í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir sem er sérsníðið að þörfum þeirra, til að auka forvarnir og öryggismál í samfélaginu.

*Keilir býður upp á
ítarlegasta nám í
einkaþjálfun hér á landi.*

*Undirbúningur á námi á
háskólastigi tengt
styrktarþjálfun og
lýðheilsuþjálfun í
samstarfi við Háskólann í
Reykjavík.*



Arnar Hafsteinsson
forstöðumaður
Heilsuakademíu Keilis

Framtíð og þróun

Mikill metnaður hefur verið lagður í ÍAK einkaþjálfun en námið er ítarlegasta einkaþjálfaranám hér á landi og eru einkunnarorðin þess fagmennska og þekking. Námið er í stöðugri þróun og stefnt er að því að bæta námið enn frekar með því að bæta við áföngum tengt lýðheilsu, þjálfun aldraðra og markþjálfun.



Keilir hefur ávallt leitast við að mæta þörfum atvinnulífsins og þá hlustað eftir skoðunum atvinnurekenda og annarra sem hafa með störfín að gera. Slík vinna hefur verið í gangi síðan haustið 2020 og hefur fulltrúi Keilis átt fjölmörg samtöl við aðila innan heilbrigðiskerfisins, menntamálastofnunar, háskólanna og við erlendra aðila sem hafa þekkingu á ýmsum þáttum sem tengjast hugsanlegum námsbrautum.

Þar má t.a.m nefna viðræður Heilsuakademíunnar við Háskólann í Reykjavík um þróun á námi á háskólastigi tengt styrktarþjálfun og lýðheilsuþjálfun en mikil þörf er fyrir heilsuþjálfara í heilbrigðiskerfinu. Þá hafa íþróttafélögin sagt að næsta stétt sem þau munu einblína á að taka inn í starfsemi sína, séu styrktarþjálfarar.

Heilsuþjálfarinn (vinnuheiti) er í dag á teikniborðinu sem 60 ECTS eininga fagnám til diplóma prófs. Innan þeirrar brautar verður 10 ECTS áfangi í heilsuþjálfun- og næringu aldraðra sem verður hægt að taka sem stakt námskeið og mun henta vel sem endurmenntun starfsfólks hjúkrunarheimila og annarra stofnanna sem sinna öldruðum. Á árinu fékk verkefnið fjárstyrk frá Lýðheilsustöð Landlæknisembættisins til að byggja áfangann. Markþjálfari verður einnig námskeið sem verður fellt inn í ÍAK einkaþjálfaranámið á framhaldsskólaeiningum og í boði sem stakt námskeið fyrir þá sem vilja bæta einungis við sig markþjálfaskírteini.



5

MENNTASKÓLINN Á ÁSBRÚ

Menntaskólinn á Ásbrú er framhaldsskóladeild innan Keilis með einni stúdentsbraut og á annan tug fjarnámsáfanga. Starfsemin í MÁ er í þróun og sérhvert starfsár fyrstu árin hefur markast af áfangasigrum og undirbúningsvinnu næstu skrefa, en gera má ráð fyrir að svo verði áfram á næstu árum. Þegar skólahald hófst haustið 2020 var þar einn skólameistari í fullu starfi og tíu kennarar í ýmist fullu starfi/hlutastarfi/verktöku.

Þann 1. október 2020 færðist Fjarnámshlaðborð Keilis undir Menntaskólann í kjölfar skipuritsbreytinga. Eftir að Fjarnámshlaðborðið var færð fjölgaði kennurum úr ellefu í tuttugu og tvo kennara í MÁ - og meirihluti þeirra í verktöku. Þess ber að geta að nemendur MÁ njóta einnig þjónustu Menntasviðs og skrifstofu, t.d. námsráðgjafa, kennsluráðgjafa, tæknilega aðstoð og móttöku.

Fjarnámshlaðborð Keilis færðist undir Menntaskólann í kjölfar skipuritsbreytinga á árinu.

2020 var annað árið sem Menntaskólinn á Ásbrú starfrækti stúdentsbraut með áherslu á færni í tölvuleikjagerð.

Aðsókn í nám í Fjarnámshlaðborðið hefur undanfarin ár verið í vexti og sóttu tæplega þrjú hundruð einstaklingar fjarnámsáfanga árið 2020.

Stúdentsbrautin

Í Menntaskólanum á Ásbrú var árið 2020 annað árið þar sem starfrækt var stúdentsbraut með áherslu á færni í tölvuleikjagerð. Námsleiðin er skipulögð með það í huga að sinna því sérstaklega að námið sé áhugavekjandi, skapandi og eflandi. Námskráin er gerð í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Skipulag og uppbygging brautarinnar var unnin í samstarfi við samstarfsaðila úr atvinnulífinu og í háskólaumhverfinu bæði héraðs og á alþjóðavísu. Stúdentsprófið er 200 framhaldsskólæiningar (fein.) og námslokin eru á hæfniprepi þrjú skv. Aðalnámskrá framhaldsskóla.



Lögð er rík áhersla á bæði nútímalega kennsluhætti og vinnuástöðu. Fyrir utan nám í hefðbundnum kjarnagreinum munu nemendur vinna sérstaklega með færni og þekkingu sem býr þá undir áframhaldandi framhaldsnám í greinum sem tengjast tölvuleikjagerð á fjölbreyttan hátt. Nemendur sem útskrifast af brautinni öðlast hagnýta menntun í tölvuleikjagerð, skapandi greinum og frumkvöðla- og markaðsfræðslu. Námið við Menntaskólann á Ásbrú mun taka mið af þörfum allra nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Hver nemandi fær tækifæri til að nýta styrkleika sína, sem er lykilþátturinn í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Stefnt er að því að nemendur sem útskrifast úr tölvuleikjagerð hafi eftirfarandi gildi að leiðarljósi: sjálfstæði - skapandi hugsun - rökvísi - jákvæð samskipti

Inntaka nýrra nemenda

Markaðsstarf 2020 markaðist af heimsfaraldri. Fyrir utan þátttöku MÁ í UT messu í febrúar 2020 fór ekkert kynningarstarf fram á stúdentsbrautinni. Fjarnámsáfangar Keilis hafa ekki fengið auglýsingu eða kynningar annars staðar en á vefsíðu og á samfélagsmiðlum Keilis frá upphafi.

Aðsókn í nám í Fjarnámshlaðborðinu hefur undanfarin ár verið í vexti. Fjöldi einstaklinga sem sóttu fjarnámsáfanga árið 2020 eru tæplega þrjú hundruð. Aðsókn í nám á stúdentsbrautinni fyrir haustið 2020 var, þrátt fyrir erfiðar samfélagslegar aðstæður vegna heimsfaraldurs, þokkaleg


Mun fleiri drengir en stúlkur sækja um í námið, en unnið er að því að auka hlutdeild kvenna í náminu.

Umsækjendur	1. val	2. val	Samtals
Útskriftarárgangur 2020	26	14	41
Kvenkyn	-	1	1
Karlkyn	26	13	39
Óskilgreint	-	-	1
Eldri umsækjendur	-	-	13
Kvenkyn	-	-	-
Karlkyn	13	-	13
Heildarfjöldi umsækjenda	39	14	54

Skólastarfið

Starfsemin í MÁ er eina sinnar tegundar á Íslandi bæði m.t.t. sérhæfingar, samstarfs við atvinnulífið og vinnubrögð í bóklegu stúdentsnámi. Nemendur sem þangað sækja í nám eru af þessum sökum nokkuð jafnt frá höfuðborgarsvæðinu og frá Suðurnesjum. Fjarnámshlaðborðið er ekki síður með sérstöðu á markaði, en þar stendur umsækjendum til boða að sækja framhaldsskólalæiningar í fjölbreyttum áföngum óháð önnur – þ.e. námstímabilið er ekki háð tilteknum dagsetningum, s.s. líkt og í hefðbundnu annarskipulagi – umsækjandi getur hafið nám í áfanga um leið og innritun hefur farið fram eða innan tveggja virkra daga.

Helmingur nemenda MÁ kemur af Suðurnesjunum.



- Höfuðborgarsvæðið
- Reykjanes
- Vesturland
- Norðurland

Samþykktir í námið	Fjöldi
Reykjanes	32
Höfuðborgarsvæðið	28
Vesturland	2
Norðurland	2
Samtals	64

Skólastarfið 2020 tók ítrekuðum breytingum í kjölfar heimsfaraldurs frá marsmánuði. Bæði starfsfólk og nemendur stúdentsbrautarinnar tókust á við gjörbreytt vinnulag af yfirvegun. Það er þó óumdeilt álag fyrir bæði starfsfólk og nemendur sem faraldrinum fylgdi, bæði hvað varðar persónulega hagi og einnig varðandi síbreytilegt vinnulag, kröfur um sveigjanleika og vaxandi einangrun. Vikulegir fundir voru haldnir af mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Skólastarfið 2020 tók ítrekuðum breytingum í kjölfar heimsfaraldurs frá marsmánuði.

með skólastjórnendum, öllum þátttakendum til mikils gagns. Eins og oft vill verða þá leynist lærdómur í erfiðum aðstæðum og svo er einnig þegar rýnt er í námsfyrirkomulag ungmenna í heimsfaraldri og bíður það komandi missera að rýna í áhrifin og finna leiðir til betrumbóta með þennan lærdóm í huga.

Samstarf við aðila í hugverkaiðnaði og atvinnulífinu hélt áfram árið 2020 en færðist þó tímabundið í fjarsamstarf. Slík vinna skiptir máli fyrir MÁ, bæði vegna sérhæfingar nemenda en einnig vegna áhugavekjandi, nútímalegra vinnubragða. Áfangar í tölvuleikjagerð og lokaverkefni síðustu annar verða unnin í samstarfi við valin fyrirtæki úr atvinnulífinu. Meðal þeirra aðila sem störfuðu með MÁ að slíkum verkefnum árið 2020 voru CCP og Isavia. Fundað var með fleiri aðilum og samþykkt samstarfsverkefni á komandi misserum eru með Myrkur Games, CCP (framhald), Parity, Solid Clouds, Vinnuverndarskólinn, auk nokkurra einyrkja í faginu. Verkefni munu taka ólíka mynd eftir samstarfsaðila - á meðan í sumum verður fókus á faglega fínþússun á ákveðinni færni, þá munu önnur miða að sérstökum markhópi o.s.frv.



Samstarf við aðila í hugverkaiðnaði og atvinnulífinu hélt áfram árið 2020, meðal annars við Solid Clouds.

Skólameistari ásamt sínu nánasta samstarfsfólki tók saman erindi til ráðuneytis á haustdögum og óskaði eftir sértækum stuðningi vegna aukinnar stoðþjónustu við nemendur Keilis í kjölfar heimsfaraldurs. Málið fékk þann farveg að fara í nýstofnað Menntanet framhaldsskólastofnana á Suðurnesjum og bundnar eru vonir við bætt umhverfi s.s. vegna sértækrar stoðþjónustu í formi sálfræðings fyrir nemendur o.m.fl. á komandi ári.

Óskað var eftir sértækum stuðningi vegna aukinnar stoðþjónustu við nemendur Keilis í kjölfar heimsfaraldurs.

Gæðastarf - aðferðir og markmið

Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum er árangur og gæði skólastarfsins metinn með kerfisbundnum hætti. Virkt mat er samofið annarri starfsemi skóla. Það er umbótamiðað og nær til allra helstu þátta skólastarfsins. Virk þátttaka starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs er í innra mati og matið byggir á fjölbreyttum aðferðum til söfnunar matsgagna.


Gæðamat sem skipulagt var fyrir skólaárið 2020 inniheldur eftirfarandi þætti:

Fyrstu niðurstöður matsþátta benda til þess að starfsemin sé fagleg og vel unnin, nemendur eru ánægðir og foreldrar telja börnin sín ánægð.

- Matsfundur kennara tvisvar á önn
- Matsfundur nemenda einu sinni á önn
- Kennslukönnun nemenda í lok hvers áfanga
- Samtal við foreldra (ánægjukönnun)
- Sjálfsmatshópur einkunnagjöf vísbendinga

Í kjölfar matsþátta er gerð samantekt og sett fram úrbótaáætlun í samstarfi við fagteymi brautarinnar og starfandi gæðaráð Keilis. Úrbótaáætlun er unnin þegar niðurstöður allra matsþátta eru ljósar og verður kynnt sérstaklega og aðgengileg á vefsíðu skólans. Fyrstu niðurstöður matsþátta að hausti 2020 benda aftur til þess að starfsemin sé fagleg og vel unnin, nemendur eru ánægðir, foreldrar telja börnin sín ánægð og kennarar eru metnaðarfullir m.t.t. þess að vinna störf sín vel. Þó ýmsir þættir séu til þess fallnir að úrbætur verði gerðar þá er enginn vafi á því samkvæmt þessum gögnum að skipulag og starfsemi MÁ var vel útfærð og framkvæmd árið 2020.

Í MÁ eru miklar kröfur um faglegheit í starfi og jafnframt nútímalega nálgun.



Lokaorð

Við Menntaskólann á Ásbrú fer fram starf sem er mikilvægt fyrir bæði nær- og fjærumhverfi skólans. Þar eru hugmyndir framkvæmdar og hugrakkir nemendur feta ótroðnar slóðir. Ímynd skólans er hægt og rólega að byggjast upp og fyrsta útskrift nemenda nálgast. Í MÁ eru miklar kröfur um faglegheit í starfi og jafnframt nútímalega nálgun. Faraldurinn hefur sett mark sitt á starfseminna árið 2020 og óeðlilegt annað en að úr viðlíka fordæmalausum tímum þurfi að vinna. Þegar upp er staðið þarf nú samhliða undirbúningi að leggjast sérstaklega yfir framtíðaruppbyggingu stúdentsbrauta og Fjarnámshlaðborðs - og markaðssetningu hvoru tveggja.



**Nanna Kristjana
Traustadóttir**
*forstöðumaður
stúdentsbrauta og
skólameistari
Menntaskólans á Ásbrú*



6

FLUGAKADEMÍA ÍSLANDS

Miklar áskoranir voru viðvarandi á árinu 2020 hvað flugkennslu varðar. Flugkennsla með kennara var ítrekað bönnuð og bókleg kennsla gekk sömuleiðis úr skorðum vegna samkomutakmarkana. Líklegt er að tekjufall af stöðvun flugkennslu á árinu 2020 nemi nálægt 100 milljónum króna. Fjárhagsstaða skólans hefur því verið þröng og nýjum umsóknum fækkaði þar sem trú fólks á flugnámi dvínaði vegna efnahagsþrenginga og erfiðleika í flugrekstri. Samtals

voru samþykktar umsóknir á vor- og haustannir 84 talsins árið 2020.

Covid-19 hefur þau áhrif að flugmenn framtíðarinnar halda að sér höndum, enda flest flugfélög í heiminum í miklum erfiðleikum og mikið af flugmönnum án atvinnu. Þó eru jákvæðar fréttir á sjóndeildarhringnum þar sem nýtt millilandaflugfélag er að hefja rekstur á árinu 2021 og

Þrátt fyrir þrengingar af völdum Covid-19 eru jákvæðar fréttir á sjóndeildarhringnum.

Icelandair er að keyra upp sína áætlun með tilheyrandi ráðningum flugmanna á sumarmánuðum.



Stjórnskipulag og starfslið

Stjórnskipulag skólans breyttist talsvert á árinu 2020 þar sem lykilstjórnendur yfirgáfu skólann og hættu störfum fyrirvaralaust. Davíð Brár Unnarsson var ráðinn í stöðu skólastjóra og Margrét Elín Arnarsdóttir var ráðin í starf yfirkennara bóklegs náms en hún lét af störfum seinna á árinu og við starfi hennar tók Benedikt Arnarson. Óskar Pétur Sævarsson tók við stöðu Öryggisfulltrúa Flugakademíunnar enda er flugöryggi okkar aðalsmerki. Mikill metnaður er lagður í öryggiskerfið sem skilgreinir verkferla og hlutverk starfsfólks þegar vá ber að höndum.

Björn Ingi Knútsson lét einnig af störfum á árinu sem Forstöðumaður Flugakademíu Íslands en Kári Kárason fyrrverandi skólastjóri Flugakademíu Keilis tók við stöðu hans og snýr aftur til flugskólans eftir að hafa stofnað Flugakademíu Keilis árið 2007 og unnið að henni til ársins 2014.

Sameining Flugskóla Íslands og Flugakademíu Keilis

Sameining skólanna tveggja hefur tekið talsverðan tíma og mikla vinnu. Þeirri vinnu er nú nærri lokið, nýjar handbækur hafa verið samþykktar fyrir nýjan skóla og nafni hans breytt í Flugakademía Íslands (e. Iceland Aviation Academy). Merkingar hins nýja skóla hafa litið dagsins ljós á flugvélum hans og byggingum og unnið er að frekara markaðsstarfi með nýtt vörumerki á lofti þar sem reynsla skólans og fagmennska er undirstrikuð.

Kári Kárason fyrrverandi skólastjóri Flugakademíu Keilis tók við stöðu nýs forstöðumanns á árinu.

Nýjar merkingar Flugakademíu Íslands hafa litið dagsins ljós á flugvélum og byggingum.

Verið er að skoða mjög gaumgæfilega framtíðarlausnir í húsnæðismálum.

Farið var í endurnýjun kennsluefnis sem býður upp á hagræðingu í kennslu.

Skólinn vinnur að því að kanna kosti þess að nýta rafmagnsflugvélar í flugkennslu.



Kári Kárason
*forstöðumaður
Flugakademíu Íslands*

Krefjandi verkefni

Unnið hefur verið hörðum höndum að því að straumlínulaga reksturinn t.d. með fækkun tölvukerfa, aukinni nýtingu á flugvélaflota og með samþættingu bóklegs og verklegs náms.

Húsakostur skólans er í leiguhúsnæði á fimm stöðum: Ásbrú, Keflavíkurflugvelli, Reykjavíkurflugvelli, Háteigsvegi í Reykjavík og Flatahrauni í Hafnarfirði. Verið er að skoða mjög gaumgæfilega framtíðarlausnir í húsnæðismálum þar sem dreifð starfsemi er krefjandi á allan hátt.

Farið var í endurnýjun kennsluefnis með samningi við CAE og býður nýtt kennsluefni upp á hagræðingarmöguleika í kennslu. Stöðugt er verið að skoða frambærilegar lausnir og eru starfsmenn sí-vakandi yfir tækniþróun í flugkennslu.

Fjárhagsstaða

Mikill tími og vinna fór í að greina og fylgjast náið með fjárhagsstöðu skólans á árinu. Margir nemendur höfðu greitt fyrir flugnám sitt með fyrirframgreiðslum og áttu inni kennslu sem framkvæmd var á árinu. Urðu tekjur því minni en ella hefði orðið, en skuldir skólans við nemendur tóku hins vegar breytingum og þær greiddar upp af krafti. Fjárhagsleg endurskipulagning stendur ennþá yfir og öllum steinum er velt við til að leita hagræðingar og hagstæðari samninga.

Flugöryggis- og gæðamál

Órjúfanlegur hluti flugrekstrar er flugöryggi. Starfsfólk Flugakademíu Íslands leggur reynslu sína og metnað í að flugöryggismál séu með gæðum sem jafnast á við öflugustu flugfélög. Nokkur óhöpp urðu á flugvélum skólans en flest voru þau minniháttar og engin slys á fólki. Skólinn aðstoðar yfirvöld við rannsókn allra atvika og slysa en gerir einnig sína eigin óháðu rannsókn á hverju atviki jafnvel þó það virðist lítilvægt við fyrstu sýn. Gæðakerfi skólans er afar virkt og reglubundnar innri úttektir framkvæmdar auk ytri úttekta Samgöngustofu. Flughermar skólans og rekstur þeirra heyrir undir EASA og það flækir reksturinn og gerir hann kostnaðarsamari. Æskilegt væri að Samgöngustofa gæti séð um slíkt eftirlit en til þess hefur hún ekki nægilegt fjármagn né sérþekkingu.

Framtíðarsýn

Flugakademía Íslands er eini flugskólinn á Íslandi sem sinnir kennslu til atvinnuflugmanns- og blindflugsréttinda og nýtur þannig sérstöðu á meðal flugskóla. Flugvélafloti skólans stendur að stórum hluta saman af eyðslugrönnum flugvélum og hefur stjórnendateymi skólans nú það verkefni að kanna ítarlega kosti þess að nýta rafmagnsflugvélar í flugkennslu.

Fagmennska, öryggi og þjónusta eru kjörorð Flugakademíu Íslands og með hækkandi sól og betri horfum í efnahagslífi heimsins horfum við björtum augum til framtíðarinnar.



7

MENNTA- OG ÞJÓNUSTU- SVIÐ

Mennta- og þjónustusvið er stoðsvið við þær deildir sem starfa innan skólans. Undir Mennta- og þjónustusvið falla húsnæðismál, tölvuþjónusta, nemendaskráning, nemendabókhald, kennsluráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn, Keilisgarðar, skjalastjórn, rekstur mötuneytis, þjónustuborð, innheimta skólagjalda og umsjón með þrifum.

Hlutverk Mennta- og þjónustusviðs eru m.a. samskipti, skýrslugerðir og gagnaúrvinnsla fyrir Menntamálaráðuneyti,

Hagstofuna og Menntasjóð námsmanna. Sviðið hefur umsjón með umsóknarvef, nemendabókhaldi og stundatöflugerð á Innu, framkvæmd prófa, framkvæmd útskrifta og ber ábyrgð á skólanámskrá. Framkvæmir kennslu- og þjónustukannanir, heldur matsfundi í öllum deildum og heldur utan um gæðamál, ásamt því að skipuleggja og hafa yfirsýn yfir stofunýtingu og þá starfsemi sem á sér stað innan Keilis. Þá er hlutverk Mennta- og þjónustusviðs einnig að sinna tölvuþjónustu fyrir nemendur og starfsfólk, þróun og umsjón

Sviðið hefur umsjón með umsóknarvef, nemendabókhalði, skólanámskrá, stundatöflugerð, framkvæmd prófa og útskrifta.

Með innleiðingu nýs skipurits heldur sviðið utan um Keilisgarða, skjalastjórnun, húsnæðissviði, þjónustuborði, rekstri mötuneytis og þrifum.

Tólf starfsmenn störfuðu á Mennta- og þjónustusviði árið 2020.

Skjalastefna Keilis var samþykkt á árinu og uppfærsla var gerð á málalyklum í samræmi við nýtt skipurit.

kennslukerfis í stað- og fjarnámi og til fyrirtækja, náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn og að aðstoða kennara með hljóðvinnslu og upptökur. Sviðið tekur saman tölulegar upplýsingar sem snúa að nemendum, sinnir kennsluráðgjöf til kennara og þjálfar alla kennara og nemendur Keilis til notkunar á kennslukerfinu Moodle. Einnig er Mennta- og þjónustusvið stöðsvið við aðrar deildir Keilis og kemur að hinum ýmsu verkefnum innan skólans.

Á haustdögum urðu þær breytingar á sviðinu að Inntökupróf.is og Opnir framhaldskólaáfangar voru færðir yfir á aðrar deildir og á móti bættist við sviðið Keilisgarðar, sem eru stúdentaíbúðir fyrir nemendur Keilis, skjalastjórnun, húsnæðissvið, þjónustuborð, sem sér einnig um innheimtu skólagjalda, rekstur mötuneytis og þrif. Árið hefur verið nokkuð viðburðamikili í ljósi þessara breytinga og frekar óhefðbundið vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar og því fylgdu þó nokkrar áskoranir. Má þar helst nefna mikla heimavinnu þar sem áfram var reynt að þjónusta nemendur og starfsfólk eftir bestu getu, ásamt því að útfæra og framkvæma tvær óhefðbundnar útskriftir. Þá hefur verið mikil áhersla á að breyta og bæta ferla sem tengjast nýjum hlutverkum sviðsins.

Fjöldi starfsfólks á Mennta- og þjónustusviði árið 2020 var 12 eftir breytingar. Helstu breytingar í starfsmannamálum á árinu voru að 30% staða prófstjóra var lögð niður, starfsfólki á þjónustuborði var fækkað úr tveimur 100% stöðum niður í eina 100% stöðu og umsjónamaður Keilisgarða var ráðinn í 25% stöðu til að sinna Keilisgörðum og var sú staða svo hækkuð upp í 50% í lok árs. Þá varð sú breyting á að starfi verktaka sem sá um kerfisstjórn og 50% stöðu húsvardar, var breytt í eina stöðu, umsjónarmann tölvukerfa og fasteigna, og hóf sá starfsmaður störf í september.

Forstöðukona Mennta- og þjónustusviðs er Anna María Sigurðardóttir og verkefnastjóri er Fjóla Þórdís Jónsdóttir.

Skjalastjórn

Skjalastjóri sinnir skjalastjórn í 50% stöðuhlutfalli. Skjalastefna Keilis var samþykkt á árinu og uppfærsla var gerð á málalyklum í samræmi við nýtt skipurit Keilis. Þá var farið markvisst í þá vinnu með hverri deild fyrir sig að kenna og aðstoða við skjölun og margir nýttu sér það að hitta skjalastjóra vikulega til að fá aðstoð og læra meira á skjalavistunarkerfið Gopro. Þess má geta að miklar framfarir hafa átt sér stað í deildum skólans á árinu í skjalamáli sem er mjög jákvætt í ljósi þess að stefnt er á að Keilir fái samþykki fyrir rafrænum skilum til Þjóðskjalasafns Íslands.

Náms- og starfsráðgjöf

Tveir starfsmenn sinna náms- og starfsráðgjöf hjá Keili. Þeir hafa leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda. Í því skyni leitast ráðgjafarnir við að vera til staðar þegar nemendur þurfa á að halda og vera mjög sýnilegir í öllum rýmum skólans.

Örar breytingar á námsframboði Keilis og aukið hlutfall nemenda í fjarnámi gera kröfur til námsráðgjafa um sveigjanleika og þróun vinnuaðferða og samskiptamáta.

Kennarar fá virka kennsluráðgjöf í kennslufræðum og tæknimálum.

Nýting húsnæðis aðalbyggingar Keilis hefur aukist jafnt og þétt.

Undanfarin ár hefur þjónusta við nemendur á Háskólabrú verið ráðandi í starfi ráðgjafanna, þótt þeir vinni markvisst í því að vera sýnilegir fyrir alla nemendur skólans, enda eiga allir að hafa sama aðgang að ráðgjöfunum.

Örar breytingar á námsframboði Keilis og aukið hlutfall nemenda í fjarnámi gera kröfur til námsráðgjafa um sveigjanleika og þróun vinnuaðferða og samskiptamáta. Fyrir vikið hefur heimsfaraldur kórónuveirunnar einungis ýtt undir það að starfsmenn séu opnir fyrir nýjum nálgunum á hverjum tíma. Á síðastliðnu ári hefur sá þáttur gengið nokkuð vel, þó vissulega sé alltaf pláss fyrir þróun og breytingar sem geta bætt þjónustu náms- og starfsráðgjafa enn frekar.

Kennsluráðgjöf

Kennsluráðgjafi sinnir kennsluráðgjöf í 50% stöðu. Áhersla er lögð á að taka vel á móti öllum nýjum kennurum, kynna þá fyrir þjónustu Mennta- og þjónustusviðs og mynda við þá góð tengsl frá upphafi. Markmiðið er að allir kennarar viti hvaða þjónusta er í boði og hvar sé hægt að leita aðstoðar eða innblásturs. Kennarar nýta sér þessa þjónustu í auknum mæli. Á árinu var haldin vinnustofa fyrir kennara þar sem aðaláherslan var á hópastarf. Þar hélt Auðbjörg Björnsdóttir frá Háskólanum á Akureyri fyrirlestur og kennarar í Keili sögðu frá árangursríkum aðferðum sem þeir hafa verið að nýta sér í tengslum við hópastarf.

Til að einfalda kennsluráðgjöf og tryggja að allir kennarar hafi aðgang að mikilvægum upplýsingum, hefur kennsluráðgjafi sett upp Moodle áfanga fyrir kennara inni á Moodle svæði hvernar deildar. Einnig hefur kennsluráðgjafi haldið utan um blogg síðu Mennta- og þjónustusviðs, þar sem öllum helstu upplýsingum er safnað saman ásamt innblæstri í kennslufræði, ferðasögum, fréttum o.fl. sem viðkemur þróunarstarfi í skólum.

Kennsluráðgjafi og Mennta- og þjónustusvið, í samvinnu við deildarstjóra, halda einnig utan um Moodle áfanga fyrir nýnema í flestum deildum skólans, þar sem farið er yfir mörg af helstu atriðum sem vefjast gjarnan fyrir nemendum. Námskeiðinu hefur verið vel tekið og ljóst er að þessi þjónusta er komin til að vera.

Húsnæðissvið

Umsjónamaður fasteigna sinnir húsnæðissviði í 50% stöðu og er með verktaka sér til aðstoðar við stærri verkefni. Einnig er ræstitæknir á sviðinu sem sér um almenn þrif. Keilir leigir allt skólahúsnæðið að Grænásbraut 910 af Fasteignafélagi Keilis. Húsnæðið er um 5.507 fermetrar að stærð. Nemendafjöldi jókst á árinu með tilkomu nýs hóps í Menntaskólanum á Ásbrú, Fagháskólanáms í leikskólafræðum og Vinnuverndarskólans. Þá voru teknar í notkun tvær stofur, annars vegar fyrir frumkvöðlasetur og hins vegar fyrir Nýsköpunarakademíu ferðaþjónustunnar. Með þessari aukningu hefur nýting húsnæðis verið að aukast jafnt og þétt.

Sett voru upp ný kennslu- og starfsmannarými.



Farið var í ýmsar framkvæmdir á árinu t.d. voru fjórar skólastofur teknar í gegn, íþróttasalur stúkaður af, parketlagður og málaður, karlklósett betrubætt og málað, meiri háttar tiltekt var í smíðju ásamt ýmsum öðrum minni háttar framkvæmdum.

Í lok árs 2018 skrifaði Keilir undir leigusamning við Heimavelli um leigu á tveimur blokkum á Ásbrú, byggingu nr. 741 og 746, sem er fyrst uppsegjanlegur árið 2023 og þá með sex mánaða fyrirvara. 2019 var fyrsta fulla starfsár þessa samnings. Keilir endurleigir húsnæðið til nemenda. Fjöldi íbúða í hvorri blokk er 44 og því eru þær 88 samtals. Nýting á vorönn 2020 var um 63% og nýting á haustönn var nokkuð minni eða 53%.

Frá september hefur umsjónarmaður Keilisgarða unnið að greiningavinnu um betri nýtingu Keilisgarða.

Frá september hefur umsjónarmaður Keilisgarða haft með höndum verkefnastjórn í hlutastarfi við úttektir og greiningavinnu með það að markmiði að fá skýrari yfirsýn á nýtingu húsnæðis, ástand þess og fylgihluta. Hann kemur inn í teymisvinnu þeirra sem hafa haft málefni Keilisgarða á sinni könnu og miðar sú vinna að því að greina þá þætti sem þarf að bæta og koma þessum málaflokki í fastari skorður með bættem ferlum og verklagi.

Tölvudeild

Á haustdögum tók við nýr umsjónarmaður tölvukerfa í 50% stöðu. Ásamt honum er einn starfsmaður í viðbót sem sinnir tölvuþjónustu við nemendur og starfsfólk.

Rekstur tölvukerfa hjá Keili gekk nokkuð vel á árinu. Gerður var samningur við Endor og netkerfinu úthýst til þeirra. Fyrirtækið Öruggr afritun hefur séð um að afrita alla netþjóna Keilis og á árinu var sú þjónusta aukin. Tiltekt var gerð í netföngum Keilis vegna GDPR og þurfti að eyða mörgum netföngum. Í framhaldinu voru verkferlar, í kringum það að stofna netföng og eyða þeim síðar, endurskoðaðir.

Vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar hefur þó nokkuð mætt á tölvudeild með þróun fjarfunda og kennslu á þann búnað sem þarf til í breyttum aðstæðum.



Kennslukerfið Moodle var notað áfram en farið var af stað í að kanna hvort önnur kennslukerfi gætu hugsanlega hentað betur fyrir starfsemi Keilis og er sú vinna enn í gangi. Þá var hljóðver Keilis stækkað, hljóðeinangrað og green screen sett upp.

Vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar hefur þó nokkuð mætt á tölvudeild með þróun fjarfunda og kennslu á þann búnað sem þarf til í breyttum aðstæðum. Tókst það vel til og má það þakka m.a. hvað Keilir var kominn langt í þeim efnum fyrir.

Þjónustuborð

Starfshlutfall á þjónustuborði var minnkað úr tveimur 100% stöðum í eina á árinu. Þá var opnunartími stytur um klukkustund á mánudögum til fimmtudögum og þrjá tíma á föstudögum, svo þjónustu- og innheimtufulltrúi hafi tök á að sinna innheimtu skólagjalda samhliða almennri afgreiðslu. Þá var innleitt nýtt símkerfi með það að markmiði að minnka álag á þjónustuborð. Viðskiptavinir völdu þá beint þá deild sem þeir þurftu að eiga samskipti við án milliliðar þjónustufulltrúa. Miklir hnökrar voru á þessum breytingum í byrjun og tók nokkra mánuði, bæði að fá kerfið til að virka rétt og setja upp nýtt skipulag í símsvara sem virkaði betur.

Mötuneyti

Einn starfsmaður sinnir rekstri mötuneytis en þær breytingar urðu á árinu að Keilir sér núna alfarið um reksturinn. Einn starfsmaður í mötuneyti sér um innkaup, matreiðslu og svo er sjálfsafgreiðsla í sal. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og almenn ánægja er á meðal nemenda og starfsfólks með gæði og verð.

Starfshlutfall á þjónustuborði var minnkað úr tveimur 100% stöðum í eina á árinu og opnunartími stytur.

Þær breytingar urðu á árinu að Keilir sér núna alfarið um rekstur mötuneytis og er almenn ánægja meðal nemenda og starfsfólks með þjónustuna.

Þrjár útskriftir voru haldnar á árinu, í Hljómahöllinni bæði með hefðbundnu sniði og í beinni útsendingu, auk einnar útskriftar í aðalbyggingu Keilis.

Útskrifaðir nemendur

Þrjár útskriftir voru haldnar á árinu. Janúarútskrift var haldin með hefðbundnu sniði í Hljómahöll. Júní útskrift var einnig haldin í Hljómahöll en með breyttu sniði vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Vegna fjöldatakmarkana fengu einungis nemendur að vera í sal og var útskriftinni streymt beint fyrir aðra. Ágúst útskrift sem haldin var í húsnæði Keilis var með sama fyrirkomulagi. Það var töluverð áskorun fyrir deildina að útfæra útskriftir með nýjum hætti, bæði tæknilega og skipulagslega, en tókst vel til.



Árið 2020 útskrifaði Keilir 359 nemendur; flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 187 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2020.

Árið 2020 útskrifaði Keilir 359 nemendur og hafa frá upphafi rétt um 4.000 nemendur lokið námi við skólann.

Á árinu vann skólinn markvisst að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat og fjöldi innri úttekta voru framkvæmdar.

Í lok október 2020 hafði Keilir útskrifað 3.993 nemendur í heildina.

Háskólabrú - Fjarnám	169
Háskólabrú - Staðnám	18
ÍAK - Einkaþjálfarar	21
ÍAK - Styrktarþjálfarar	22
Nordic Fitness Education	16
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	103
PPL - Einkaflugmannsnám	9
Fótaaðgerðafræði	7
Ævintýraleiðsögunám	0
Samtals árið 2020	365

Gæðamál

Á árinu vann skólinn markvisst að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat og fjöldi innri úttekta framkvæmd. Megin áherslan var á að yfirfara og betrubæta gæðastefnu, gæðamarkmið og að útfæra betur markmið og framkvæmd með hverri úttekt. Úrbótaáætlun var gerð út frá niðurstöðum innri úttekta og markvisst unnið út frá þeim á nýju skólaári. Þá var byrjað á því á haustdögum að yfirfara alla ferla í gæðahandbók.

Yfirlit um innri úttektir á árinu:

- Kennsla og kennsluhættir (matsfundir, kennslukannanir)
- Tölulegar upplýsingar (skráningarbrottfall, aldur, kyn og búseta nemenda, nemendafjöldi, fjöldi útskrifaðra og brottfall eftir að nemendur byrja í námi)
- Starfsmannasamtöl og vinnustaðakönnun starfsfólks
- Könnun um líðan nemenda (þessari úttekt var breytt frá því að senda á alla nemendur eina könnun í það að flestar deildir sendu sér könnun bara á sína nemendur og bættu við spurningum sem tengdust líðan í kórónuveirufaraldrinum)
- Prófanir í tölvudeild
- Náms- og starfsgengi þeirra sem útskrifaðir eru
- Úttekt á stöðu eigna
- Ánægjukönnun foreldra ólögráða nemenda.



**Anna María
Sigurðardóttir**
forstöðumaður
Menntasviðs



Petta er Björn

8

NÝSKÖPUNARSVIÐ

Nýtt nýsköpunarsvið var sett á laggirnar síðla árs 2020 með nýju skipuriti Keilis. Á nýsköpunarsviði Keilis er haldið utan um markaðs- og kynningarmál, innlend og erlend samstarfsverkefni, ásamt þróun nýrra námsbrauta.

Sviðið er afrakstur þróunarvinnu sem hófst í lok ársins 2019 en undir það munu falla markaðs- og kynningarmál, samskipti og almannatengsl, sókn og utanumhald í bæði innlenda sjóði

og alþjóðleg verkefni, sem og þróunarstarf innan Keilis, svo sem nýjar námsleiðir, átaksverkefni, o.fl.

Arnbjörn Ólafsson er forstöðumaður sviðsins. Í lok ársins 2020 störfuðu á sviðinu auk Arnbjörns, þau Berglind Sunna Bragadóttir, verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála og Þórir Erlingsson, verkefnastjóri ferðapjónustunáms í 80% stöðu.

Markaðs- og kynningarmál

Á árinu 2020 var stofnað nýtt Nýsköpunarsvið Keilis

Á nýsköpunarsviði er haldið utan um öll almenn markaðs- og kynningarmál Keilis, ásamt skipulagningu viðburða og kynninga á vegum skólans. Sviðið hefur heildarumsjón með öllu markaðs- og samskiptastarfi skólans og samhæfir slíkt starf innan allra eininga skólans. Hlutverk markaðssviðs er að miðla upplýsingum til almennings, nemenda og hagsmunaðila um starfsemi Keilis, auk þess að efla og styðja ímynd skólans.

Meðal verkefna má nefna útgáfu á kynningarefni, námskynningar, vefmál, samskipti við fjölmiðla, umsjón með stærri viðburðum, ásamt mörgu öðru.

Markaðs- og auglýsingaherferðir

Áherslan hefur fæst frá því að byggja upp sterka ímynd Keilis yfir í þá einstaklinga sem hér hafa stundað nám.

Á undanförunum árum höfum við fært okkur frá því að byggja upp sterka ímynd (Keilir) yfir auglýsingar sem leggja áherslu á hvað þú getur orðið (námsframboð). Nú síðast hafa auglýsingar og myndefni lagt áherslu á þá einstaklinga sem hér hafa stundað nám (nemendurnir). Á árinu héldum við áfram að segja sögur nemenda þannig að við birtumst sem persónulegur skóli sem hefur augljós áhrif á líf fólks. Að auki bentum við á hversu frábrugðin við erum öðrum skólum meðal annars með því að leggja áherslu á kennsluhætti, námsumhverfi, tækni, kennara, o.s.frv.

Áherslur í markaðs- og kynningarmálum á árinu lituðust af samkomutakmörkunum en ekki var hægt að fara í hefðbundnar námskynningar í framhaldsskólum eða taka þátt í stærri viðburðum líkt og undanfarin ár. Þó var farið í nokkra framhaldsskóla í byrjun ársins, auk þess sem staðið var fyrir opnum kynningarfundum á landsbyggðinni. Aukin áhersla lögð á stafræna samfélagsmiðla og stafrænar kynningar, auk þess sem keyrðar voru útvarpsauglýsingar og vefborðar á helstu fréttamiðlum. Þá voru prentauglýsingar í landshlutablöðum sem og Fréttablaðinu og Morgunblaðinu.

Megin samstarfsaðili í auglýsinga- og markaðsmálum er auglýsingastofan H:N Markaðssamskipti, sem Keilir hefur unnið náið með um nokkurra ára skeið. Þá var á árinu einnig unnið sérstaklega í tveimur átaksverkefnum. Annarsvegar með Sahara um stafræna markaðssetningu fyrir NPTC nám Keilis og í lok ársins með Pipar/TPWA vegna ímyndaherferðar Flugakademíunnar á Norðurlöndunum.

Framleiðsla á efni og birtingar auglýsinga

Dregið var úr stórum auglýsingum í prentmiðlum og í sjónvarpi.

Helsta tímabil fyrir birtingar auglýsinga var frá mars til júní 2020 og var fyrst og fremst lögð áhersla á auglýsingar á vefmiðlum og í útvarpi. Dregið var úr stórum auglýsingum í prentmiðlum, fyrir utan reglulegar auglýsingar í landshlutablöðum svo sem Víkurfréttum. Þá var lögð sérstök áhersla á auglýsingar fyrir Flugakademíu Keilis, bæði á innanlandsmarkaði og erlendis.

Vefmál og samfélagsmiðlar

Sett var upp ný heimasíða fyrir NPTC nám Keilis á árinu.

Sett var upp ný heimasíða fyrir NPTC nám Keilis á árinu, auk þess sem teknar voru auglýsingamyndir og myndskreið sem nýttust í kynningarefni fyrir námið. Í lok ársins var hafist handa við þarfagreiningu og hönnun nýrrar heimasíðu Keilis í samstarfi við hugbúnaðarhúsið Stefnu á Akureyri. Þeirri vinnu lýkur sumarið 2021.

Keilir heldur úti einni megin heimasíðu, auk fjölda undirsíða fyrir einstaka skóla og námsframboð.

Keilir heldur úti einni megin heimasíðu, auk fjölda undirsíða einstakra skóla og námsframboða. Þá er Keilir með sjö virkar facebooksíður og fimm Instagramsíður, auk nokkurra twitter og blogsíðna. Unnið hefur verið markvisst að því að móta samfélagsmiðlastefnu og hönnunarstaðal fyrir notkun samfélagsmiðla skólans. Reiknað er með að þeirri vinnu ljúki sumarið 2021.

Ný fyrirtækjaímynd Flugakademíunnar

Leitað var til tveggja auglýsingastofa varðandi mögulega breytingu á heiti Flugakademíu Keilis eftir kaupin á Flugskóla Íslands í byrjun árs 2019. Út frá þeirri vinnu vann H:N ítarlegan hönnunarstaðal og ímyndabók (e. *brand manual*) fyrir skólann vorið 2019. Ekki náðist samstaða um innleiðinguna meðal forstöðumanna Flugakademíunnar fyrr en um mitt árið 2020 en þá var tekinn aftur upp þráðurinn í þessari vinnu.

Farið var í yfirgripsmikla kynningarherferð með fréttatilkyningum og á samfélagsmiðlum sem vakti talsverða eftirtekt hér heima og erlendis. Breytingum á merkingum og innleiðingu nýs vörumerkis verður lokið sumarið 2021, en þar eru merkingar á kennsluvélum skólans tímafrekastar.



Innleid var ný fyrirtækjaímynd Flugakademíu Íslands.

Hönnunarstaðall

Nýsköpunarsviðið mótar og fylgir eftir heildarstefnu sem snýr að ímynd Keilis, bæði sýnilegri (merki Keilis) og óáþreifanlegri (Keililandinn). Farið var í samantekt á öllu stafrænu og prentuðu efni á vegum Keilis undir sameiginlegum hönnunarstaðli með útskýringum og leiðbeiningum um notkun efnis og ímyndar Keilis, ásamt sniðmátum fyrir starfsfólk og kennara.

Fréttir og fréttamiðlun

Mikil áhersla lögð á skrif fréttu úr starfi Keilis og miðlun þeirra.

Mikil áhersla er lögð á reglulega uppfærslu fréttu og stöðuuppfærslu á vef- og samfélagsmiðlum Keilis. Sendar voru út á þriðja tug fréttatilkynninga auk þess sem vel yfir eitthundrað fréttir voru skrifaðar fyrir heimasíðu Keilis. Þá eru send út regluleg fréttabréf og markpóstur meðal annars á netfangalista Vinnuverndarskóla Íslands.

Nýsköpunar- og þróunarmál

Nýsköpunarvið heldur utan um þróun nýrra námsbrauta, ásamt utanumhaldi um ýmiskonar þróunar- og nýsköpunarverkefni innan Keilis.

Þróun námskeiða fyrir aðila ferðaþjónustunnar.

Í lok ársins var hafist handa við gerð á annan tugs fjölbreyttra námskeiða með áherslu á úrræði fyrir atvinnulausa einstaklinga úr ferðaþjónustunni. Námskeiðin eru í boði bæði á ensku og íslensku, kennd í fjarnámi með reglulegum staðlotum í aðalbyggingu Keilis á Ásbrú í Reykjanesbæ. Þórir Erlingsson, er verkefnastjóri þróunar á námsframboði tengt ferðaþjónustu.

Á árinu 2020 kom sviðið að þremur stærri verkefnum: Frumkvöðlasetrið Eldey, Vendinámssetur Keilis og Nýsköpunarakademíu ferðaþjónustunnar.



Keilir, SSS og Eignarhaldsfélag Suðurnesja undirrituðu þjónustusamning um uppbyggingu frumkvöðlaseturs.

Frumkvöðlasetrið Eldey

Keilir, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) og Eignarhaldsfélag Suðurnesja undirrituðu sumarið 2020 verk- og þjónustusamning um uppbyggingu nýs frumkvöðla- og rannsóknarseturs í Keili. Samkvæmt samningnum munu samningsaðilar vinna sameiginlega að uppbyggingu samfélags frumkvöðla, rannsókna, fræða og atvinnulífs á Suðurnesjunum,

ásamt því sem þeir skuldbinda sig til að vera virkir þátttakendur í vexti og eflingu frumkvöðlasetursins.

Nýsköpunarakademía ferðapjónustunnar

*Nýsköpunarakademía
ferðapjónustunnar sett á
laggirnar með
Markaðsstofu Reykjaness
og Íslenska
ferðaklasanum.*

Haustið 2020 stofnuðu Keilir, Markaðsstofa Reykjaness og Íslenski ferðaklasinn Nýsköpunarakademíu ferðapjónustunnar til að bjóða uppá umhverfi fyrir fólk að stunda nýsköpun. NAF stendur fyrir fyrirlesturum sem vegna ástandsins í samfélaginu hafa hingað til verið haldnir á netinu. NAF hefur einnig komið sér upp góðri aðstöðu í Keili þar sem frumkvöðlakaffi, vinnuaðstaða og ýmsir viðburðir verða haldnir þegar ástandið batnar í samfélaginu.



Vendinámssetur Keilis

*Vendinámssetur Keilis var
formlega stofnað á árinu.*

Vendinámssetur Keilis var formlega stofnað á árinu en því er ætlað að vera miðstöð fyrir nýjungar í þróun námsefnis, námsskipan og kennsluáferða. Verkefnið er styrkt af Sóknaráætlun Suðurnesja.

Í gegnum setrið mun Keilir vinna að því að efla vendinám við skólann ásamt því að þróa námsefni, námsskipan og kennsluáferðir sem mögulegt verður að yfirfæra yfir á aðra skóla og/eða fyrirtæki, við umbætur í kennslu og þjálfun. Stefnit verður að því að búa til miðlæga þekkingarmiðstöð þar sem fræðsluefni verður gert aðgengilegt auk þess að veita öðrum skólum ráðgjöf við innleiðingu vendináms eftir því sem þörf er á.

*Farið var í uppbyggingu á
fullkominni aðstöðu fyrir
hljóð- og
myndbandsupptökur.*

Meðal afurða er uppbygging aðstöðu sem verður nýtt við hljóð- og myndbandsupptökur, ásamt grafískri miðlun kennsluefnis. Þá verða settar saman handbækur fyrir kennara um fyrstu skref í vendinámi ásamt því hvernig hægt er að nota og nýta ýmisskonar tæknibúnað við gerð kennsluefnis. Verkefnið mun einnig leggja áherslu á miðlun efnis til kennara og skólastjórnenda, ásamt því að bjóða kennurum upp á verklega þjálfun og vinnubúðir við lok verkefnatímans haustið 2021.

Innlend og erlend samstarfsverkefni

Nýsköpunarsviðið heldur utan um fjölda alþjóðlegra samstarfsverkefna, auk þess að sækja í innlenda og erlenda styrktarsjóði.

Nánari upplýsingar um GameEDU verkefnið

Nýsköpunarsviðið heldur utan um alþjóðleg samstarfsverkefni á vegum Keilis ásamt því að koma að umsóknum í erlenda og innlenda styrkjasjóði Sviðið sér um samskipti skólans við erlendar menntastofnanir og veitir nemendum, kennurum og deildum Keilis ýmsa þjónustu varðandi alþjóðlegt samstarf. Auk þess sér sviðið um umsóknir og utanumhald erlendra og innlendra samstarfsverkefna ásamt námskynningum erlendis. Keilir sækir í og tekur reglulega þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum á vegum Nordplus, Erasmus+ og EEA, ásamt fjölda Norrænna samstarfssjóða.

Erasmus+ GameEDU

GameEdu er tveggja ára samstarfsverkefni skóla frá fjórum Evrópulöndum um nám í tölvuleikjagerð á framhaldsskólastigi og í starfsmenntun. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins og eru samstarfsaðilar Keilis skólarnir Yrgo í Svíþjóð, Dania í Danmörku og Grafisch Lyceum Utrecht í Hollandi.



Fimm ný alþjóðleg samstarfsverkefni hófust á árinu, með styrkjum úr norrænum og evrópskum sjóðum.

Markmiðið með verkefninu er að efla samstarf milli landanna og deila góðum starfsvenjum þegar kemur að markaðssetningu og eflingu leikjagerðarnáms. Í samstarfsverkefninu, sem hófst haustið 2018, hafa skólarnir unnið að sameiginlegum markmiðum og þróað nýjar kennsluáðferðir fyrir leikjagerðarnám í löndunum, auk þess sem sérstök áhersla var lögð á að jafna kynjahlutföll í náminu. Tveir starfsmenn Keilis sóttu verkefnafund í Hollandi snemma ársins 2020 en aðrir fundir á árinu voru haldnir rafrænt. Verkefninu lýkur sumarið 2021.

Rare Routes umsóknin hlaut hæstu einkunn umsókna í sínu landi í Erasmus+ Menntaáætlun Evrópusambandsins.

Nánari upplýsingar um Rare Routes verkefnið

Nánari upplýsingar um BestEDU verkefnið

Styrkveitingar bárust einnig úr Sóknaráætlun og Uppbyggingarsjóði Suðurnesja, ásamt Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



Arnbjörn Ólafsson
forstöðumaður
Nýsköpunarsviðs Keilis

NATA - North Atlantic Tourism Association

Keilir sótti um styrk til að markaðssetja leiðsögunámi í Grænlandi og Færeyjum, ásamt því að þróa sameiginlegt námskeið um afþreyingaferðaþjónustu í samstarfslöndunum. Verkefninu lýkur haustið 2021.

NordicCulturePoint

Keilir fékk styrk úr Norræna menningarsjóðinn um þróun á námskeiðum í gerð tölvuleikjatonlistar sem er ætlað að hvetja ungar konur til að sækja nám í hugverkagreinum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Síbelíusarháskólann í Finnlandi og mun samstarfshópurinn vinna nánar saman á árinu 2021 í verkefninu.

Erasmus+ Rare R.O.U.T.E.S

Keilir tekur þátt í Erasmus+ samstarfsverkefni við skóla og ferðaþjónustuaðila á Íslandi, Ítalíu og Tyrklandi undir heitinu RARE R.O.U.T.E.S. Verkefnið miðar að því að leiða saman færni og þekkingu nemenda í ferðaþjónustu við menningararf, umhverfismál og þá samfélagslegu arfleifð sem ferðaþjónustuaðilar styðjast við og nýta sér á ákveðnum svæðum. Verkefnið, sem hlaut hæstu einkunn allra Erasmus+ umsókna á Ítalíu, hófst haustið 2020 og er til þriggja ára. Það hlaut 416.000 Evra styrkveitingu. Samstarfsaðilar Keilis eru starfsmenntaskólar frá Ítalíu og Tyrklandi, ICEI - International Economic Cooperation Institute, ásamt ferðaþjónustuaðilum frá samstarfslöndunum. Auk þess taka Markaðsstofa Reykjaness, Samtök ábyrgrar ferðaþjónustu (AITR) og Start-Up Turismo á Ítalíu ásamt Alþjóðlegu samtökunum um félagslega ferðaþjónustu (ISTO) þátt í verkefninu.

Erasmus+ BestEDU

Vendinámssetur Keilis hlaut í lok ársins styrk frá Menntaáætlun Evrópusambandsins til að halda utan um nýtt fjölþjóðlegt verkefni sem snýr að góðum starfsvenjum í evrópsku skólakerfi á tímum Covid-19. Verkefnið er til tveggja ára og er unnið í samstarfi átta skóla og fræðslustofnana í sex Evrópulöndum. Markmið verkefnisins verður að draga saman þær breytingar sem hafa átt sér stað í skólum á undanförunum misserum, hvernig Covid-19 hefur aðlagð skólastarf að breyttu námsumhverfi og hvernig snemmtæk íhlutun og aðlögunarfærni hefur haft jákvæð áhrif á framvindu náms í evrópskum skólum.

Innlend verkefni og styrkumsóknir

Keilir tekur þátt í fjölda innlendra samstarfsverkefna auk þess sem sótt er í innlenda styrktarsjóði fyrir ýmis þróunarverkefni innan skólans.

Keilir hlaut tvær styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja á árinu. Í byrjun ársins var veittur styrkur til þróunar menntaúrræða fyrir íbúa af erlendum uppruna á Suðurnesjum og í lok ársins var veittur styrkur til uppsetningar Nýsköpunarakademíu ferðaþjónustunnar. Þá fékkst styrkur frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um þróun frumgreinanáms fyrir innflytjendur og frá lýðheilsusjóði fyrir þróun náms í öldrunarþjálfun



9

FJÁRMÁLASVIÐ

Árið 2020 varð breyting á skipuriti félagsins og ábyrgð á húsnæðis- og þjónustusviðið fór frá Fjármalaskvið seinni part ársins. Eftir þessar breytingar sér deildin um fjármál samstæðunnar, þar með talið fjármögnun, bókhald, útgáfu reikninga og innheimtu, áætlanagerð, mánaðarlega eftirfylgni áætlana í samstarfi við forstöðumenn, undirbúning fjárhagsupplýsinga fyrir stjórnir Keilis og dótturfélög þess, starfsmannahald, starfsmannasamninga og launagreiðslur.

Breytingar á skipuriti hafði þau áhrif að fjöldi starfsmanna fór úr fjórum í þrjú stöðugildi. Ida Jensdóttir tók við sem nýr fjármálastjóri á haustdögum af Magnúsi Jóhannessyni og á Magnús þakkir skildar fyrir sín störf fyrir Keili við erfiðar aðstæður. Árið einkenndist af miklum breytingum og fjárhagslegum áskorunum meðal annars vegna taprekstrar undanfarinna ára og afleiðingum heimsfaraldurs á aðsókn nemenda í nám skólans.

Breytingar á skipuriti hafði þau áhrif að fjöldi starfsmanna fór úr fjórum í þrjú stöðugildi. Þá tók Ida Jensdóttir við sem fjármálastjóri.

18% tekjuaukning var frá árinu 2019.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði hjá móðurfélagi Keilis nam 12,5 milljónum króna.

Skipulag

Deildin sér um umsýslu fjárhags og starfsmannamála fyrir Keilissamstæðuna sem inniheldur m.a.:

- Keili ehf, kt. 500507-0550, móðurfélag samstæðunnar
- Keili Aviation Academy ehf, kt. 671108-0190
- Fasteignafélagið Keili ehf, kt. 450115-0100
- Flugskóla Íslands ehf, kt. 601217-0900

Tekjur

Tekjur móðurfélags Keilis voru 641 milljónir króna á árinu sem er 18% aukning frá fyrra ári sem skýrist af fjölgun nemenda í tölvuleikjagerð, undirbúninganámskeið fyrir inntökupróf í læknisfræði, fótaaðgerðafræði og námskeið Vinnuverndarskóla Íslands. Tekjur flugakademíu urðu hins vegar nokkuð minni á milli ára vegna Covid-19 og voru 647 milljónir króna sem er lækkun upp á 35%. Þessi lækkun hafði töluverð áhrif á tekur samstæðunnar sem voru 1.214 milljónir króna á árinu og lækkuðu um 18%.

Gjöld

Laun, launatengd gjöld og aðkeypt þjónusta var samtals 425 milljónir króna hjá móðurfélagi Keilis sem er aukning upp á 12%. Skýringin felst í aukningu starfsmanna vegna Vinnuverndarskóla Íslands sem hóf starfsemi sína á árinu, auknum kostnaði vegna fjarnáms og samningsbundinna launahækkana starfsmanna. Annar rekstrarkostnaður lækkaði um 8% á milli ára og var 204 milljónir króna. Gjöld Flugakademíu voru 608 milljónir króna og lækkuðu um 33% á milli ára sem skýrist af verulegum samdrætti í rekstri vegna Covid-19. Laun, launatengd gjöld og aðkeypt þjónusta lækkuðu um 73 milljónir króna, rekstur flugvéla um 159 milljónir króna og annar rekstrarkostnaður um 70 milljónir króna. Gjöld samstæðunnar lækkuðu um 304 milljónir króna á milli ára eða um 21%.

Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði - EBITDA

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði hjá móðurfélagi Keilis nam 12,5 milljónum króna en árið áður var rekstrartap upp á 51 milljón króna sem skýrist af fjölgun nemenda og hagræðingar. Skólinn náði að aðlaga sig fljótt að breyttum aðstæðum vegna Covid-19 með því að bjóða nemendum upp á fjarnám. Flugakademía var með rekstrarhagnað upp á 39 milljónum króna sem er lækkun upp á 47 milljónir króna eða um 55%. Rekstrarhagnaður samstæðunnar var 95 milljónir króna og hækkaði um 40 milljónum króna á milli ára þrátt fyrir samdrátt í rekstri flugakademíu.

88 íbúðir eru á Keilisgördum og var nýting tæplega 60% á árinu 2020.

Nýting skólahúsnæðisins á síðasta ári var um 63%.

Keilir leigir tvær blokkir á Ásbrú af Heimavöllum á langtímaleigusamningi.

Húsnæðismál

Keilir leigir húsnæði fyrir skólann af Fasteignafélagi Keilis en um er að ræða 5.507 fermetra. Nýting húsnæðisins hefur verið að minnka á milli ára vegna aukningar í fjarnámi en vegna Covid-19 varð fækkunin enn meiri þar sem ekki var hægt að stunda staðnám í sama mæli og áætlanir gerðu ráð fyrir og hluti erlendra nemenda varð að yfirgefa landið vegna heimsfaraldurs. Gera má ráð fyrir aukinni nýtingu húsnæðis haust 2021 þar sem nýr bekkur er væntanlegur í Menntaskólann á Ásbrú og verklegar kennslu við Vinnuverndarskóla Íslands.



Keilisgarðar

Keilir er með samning við fasteignafélagið Heimstaden um leigu á tveimur blokkum á Ásbrú til ársins 2023 en nýting hefur minnkað verulega vegna Covid-19. Fjöldi íbúða er 88 og var nýting tæplega 60% 2020 en árið 2019 var nýtingin rúmlega 80%. Unnið er að nýjum samningi um nýtingu nemendaíbúða. Gera má ráð fyrir aukinni ásókn í nemendaíbúðir í samræmi við aukna ásókn í nám. Nemendaíbúðir voru vel nýttar af erlendum flugnemendum þar til áföll skulu á í flugrekstri og Covid-19 stöðvaði nær allt flug milli landa. Nú þegar bólusetningar ganga vel má gera ráð fyrir fjölgun erlendra nemenda á ný og þar með aukinni nýtni á Keilisgördum.



Ida Jensdóttir
sviðsstjóri Fjármálasviðs



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

